

RAUFARHAFNARVEGUR (874) Hófaskarðsleið - Flugvöllur

Kynning framkvæmda



Áætlanir og hönnunarkaup Akureyri

Mars 2009

RAUFARHAFNARVEGUR (874)

Hófaskarðsleið-Flugvöllur

Vegagerðin hefur óskað eftir tilboðum í nýbyggingu Raufarhafnarvegur (874) frá vegamótum Norðausturvegar (85) á Hólaheiði að Raufarhafnarflugvelli (Teikning 1).

Heildarlengd útboðskaflans er 14,14 km og liggur hann um lönd jarðanna Grasgeira og Hóls í sveitarfélaginu Norðurþingi í Norður-Þingeyjarsýslu.

Útboðskaflinn er í beinu framhaldi af nýbyggingu Norðausturvegar (85) um Hófaskarð, sem boðin var út í apríl 2007 og nýbyggingu vegarins frá Fremri-Hálsi að Sævarlandi sem boðin var út í apríl 2008.

Sá áfangi sem hér er kynntur er þriðji og sá síðasti sem felst í því að tengja saman Kópasker, Raufarhöfn og Þórshöfn með góðum heilsársvegi og koma þessum byggðum í betra vegasamband við aðra landshluta. Tilgangur framkvæmdarinnar í heild sinni, er að styrkja samgöngur milli byggðakjarna á Norðausturlandi, auka umferðaröryggi og stuðla að greiðari samgöngum á svæðinu með því að leggja heilsársveg með hönnunarhraða 90 km/klst. Jafnframt að lágmarka akstursfjarlægð á milli þéttbýliskjarna og stuðla þannig að myndun eins þjónustuvæðis sem nær til Kópaskers, Raufarhafnar og Þórshafnar.

Nýr Raufarhafnarvegur tengist nýjum Norðausturvegi á Hólaheiði um 2 km vestan Ormarsár. Þaðan liggur vegurinn norður með Ormarsá, um tiltölulegar sléttar apalhraunbreiður og að hluta til um jökulruðningsmela uns hann tengist núverandi Norðausturvegi norðan Raufarhafnarflugvallar (Teikning 2).

Um nýbyggingu er að ræða þar sem nú er einungis slóði meðfram Ormarsánni.

Raufarhafnarvegur verður stofnvegur og byggður sem milligerð milli vegtegunda C1 og C2 sem er 7,0 m breiður vegur með 6,8 m bundnu slitlagi. Hönnunarhraði er 90km/klst.

Áætluð efnispörf fyrir verkið er um 326.100 þús. m³ en þar af verða um 82.600 m³ úr hönnuðum skeringum og um 243.500 m³ úr þeim 5 námum sem tilgreindar eru fyrir verkið.

Bygging Norðaustursvegur um Hólaheiði var matsskyld sk. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Umhverfisráðherra úrskurðaði um framkvæmdina þann 13. mars 2006. Matsskýrsla, teikningar og önnur fylgigögn eru aðgengileg á heimasíðu Vegagerðarinnar: <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umhverfismatsskýrslur/skýrslusidur/nr/909>.

Framkvæmdum við Raufarhafnarveg, skal að fullu lokið 1. október 2010.